

Fjárhagsáætlun 2026

Greinargerð sveitarstjóra lögð fram við síðari umræðu í sveitarstjórn miðvikudaginn 19. nóvember 2025

Fjárhagsáætlun Skagafjarðar fyrir árið 2026 er hér lögð fram til seinni umræðu ásamt þriggja ára áætlun fyrir árin 2027-2029. Um er að ræða aðra fjárhagsáætlun sameinaðs sveitarfélags í Skagafirði sem samin er frá grunni af kjörnum fulltrúum þess.



Fjárhagsáætlunin er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta. Í A-hluta er aðalsjóður auk eignasjóða. Í B-hluta eru veitustofnanir, hafnarsjóður, félagslegar íbúðir, Tímatákn ehf., Flokka ehf. og Eyvindarstaðarheiði ehf, auk hlutdeildarfélaga sem koma inn í reikningsskil sveitarfélagsins eftir hlutfallslegri ábyrgð sveitarfélagsins, þ.e. Norðurá bs. og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Áætlunin sýnir rekstraráætlun, áætlaðan efnahagsreikning og sjóðsstreymi fyrir sveitarfélagið, stofnanir og hlutdeildarfélög þess. Forsendur þessarar fjárhagsáætlunar er líkt og liðin ár að sýna aðhald og hagkvæmni í rekstri samhliða því að standa vörð um þá þjónustu sem veitt er.

Helstu niðurstöðutölur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2026 eru þær að A- og B-hluti saman, eða samstæðan í heild sinni, skilar jákvæðri afkomu upp á 887 m.kr. og veltufé frá rekstri er áætlað 1.342 m.kr., á meðan A-hluti er áætlaður með jákvæða rekstrarniðurstöðu upp á 494 m.kr. en veltufé frá rekstri upp á 836 m.kr.

Rétt er að minna á að vegna heimsfaraldurs kórónu-veiru var sveitarfélögum landsins veitt heimild til að víkja frá skulda- og jafnvægisreglu sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025. Þegar fjármálaireglurnar taka gildi um næstu áramót mun jafnvægisreglan vegna fjárhagsáætlunar þess árs taka til rekstrarniðurstöðu árána 2024, 2025 og áætlunar 2026. Samkvæmt fjárhagsáætlunum og ársreikningum náðist 3ja ára rekstrarjöfnuður í samstæðunni þegar á síðasta ári og 3ja ára rekstrarjöfnuður A-hluta verður orðinn jákvæður á árinu 2025. Skuldareglan tekur mið af skuldum og skuldbindingum í lok árs 2026 og sveitarfélögin þurfa einnig að hafa hliðsjón af ákvæðum samkomulags við ríkið um að stöðva hækkun skulda eftir þann tíma. Við berum því ábyrgð á að gæta áfram aðhalds í rekstri sveitarfélagsins á komandi árum og nýta tækifæri til hagræðinga eftir því sem kostur gefst.

Fagnefndir sveitarfélagsins ásamt byggðarráði og starfsmönnum unnu gríðarlega mikið starf við undirbúning fjárhagsáætlunar og skoðuðu alla fjárhagslega þætti í rekstri sveitarfélagsins. Rétt er að minna á í því samhengi að rammaáætlun fyrir árið 2026 var samþykkt í sveitarstjórn 14. maí sl. og því hefur öll vinna við fjárhagsáætlun færst mun fram á árið en áður var, sem er vinnulag sem við byrjuðum að þróa á síðasta ári – sem er vel. Endurspeglast það m.a. í þeirri staðreynd að síðari umræða fjárhagsáætlunar fer nú fram um mánuði fyrr en venja var áður. Mikilvægt er að samvinna verði áfram eins og verið hefur meðal allra sem málið snertir í þeirri viðleitni að ná fram þeim markmiðum sem eru sett í áætluninni og þeim fjárhagslegu mælikvörðum sem sveitarstjórn hefur sett sér.

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 er sem fyrr segir gert ráð jákvæðri afkomu á rekstri samstæðunnar og A-hluta sveitarsjóðs. Í þriggja ára áætlun er gert ráð fyrir að afgangur verði jafnframt á rekstri bæði samstæðunnar og A-hluta á árunum 2027-2029.



Mikilvægt er að halda áfram jákvæðri niðurstöðu á rekstri A-hluta því það á að vera markmið hvers sveitarfélags að haga fjárhagsáætlun þannig að rekstrargjöld málaflokka sem eru

fjármagnaðir af skatttekjum standi undir sér. Stór óvissubáttur í rekstri A-hlutans á liðnum árum hefur verið fjármögnun ríkisins á málaflökki fatlaðs fólks en leiðréttingar hafa komið vegna þess málaflökks á nokkrum liðnum árum. Enn er þó halli á málaflökknum og nokkur óvissa með þróun næstu ára í kjölfar lögfestingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks en sú lögfesting var ekki kostnaðarmetin í samræmi við sveitarstjórnarlög. Einnig má tilgreina mikla meðgjöf sveitarfélagsins með rekstri Dagdvalar aldraðra en þar er um að ræða fyrsta stigs heilbrigðisþjónustu.

Helstu forsendur áætlunar:

Forsendur fjárhagsáætlunar Skagafjarðar 2026 og þriggja ára áætlunar 2027-2029 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá því í mars sl. og sambærilegra upplýsinga vegna þróunar verðlags og launa frá bönkunum. Þar var gert ráð fyrir að meðalverðbólga á árinu 2026 yrði **2,7%** og að launavísitala hækki um **1,7%**. Miðað við nýja þjóðhagsspá sem gefin var út núna í nóvember var þar um vanmat að ræða því nú er spáin sú að á næsta ári hækki vísitala neysluverðs um 3,5%. Á móti kemur að gert er ráð fyrir að launavísitala á föstu verðlagi hækki um 1,5%. Þá er einnig stuðst við áætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga um áætlaða staðgreiðslu fyrir tekjuárið 2025.

Reiknað er með lítt breyttu atvinnustigi á árinu 2026 líkt og gert var ráð fyrir í þjóðhagsspánni í mars en ný þjóðhagsspá gerir ráð fyrir að atvinnuleysi hækki í 4,3% árið 2026. Samkvæmt nýjustu mánaðarskýrslu Vinnumálastofnunar er atvinnuleysi á landinu lægst á Norðurlandi vestra eða 1,3% í október en var 0,9% í september. Miðað er við að útsvarshlutfall fyrir árið 2026 verði óbreytt á milli ára, þ.e. **14,97%** af útsvarsstofni, með þeirri hækkun sem kveðið er á um í lögum um tekjustofna sveitarfélaga á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga um yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga.

Miðað er við að tekjur frá Jöfnunarsjóði verði samkvæmt útgefnum áætlunum hans. Fasteignaskattsprósenta A-skatts lækkar úr 0,47% í 0,435% en þessi prósentu var síðast lækkuð í fyrra. Þess má geta að mörg sveitarfélög hafa átt erfitt með að lækka fasteignaskatta á liðnum árum því þá urðu þau af tekjum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna þess hvernig framlagið var reiknað. Með nýjum lögum um Jöfnunarsjóð hefur tenging fasteignaskatta við úthlutun framlaga frá Jöfnunarsjóði verið aflétt sem er afar gleðilegt.

Gert er ráð fyrir 2,7% almennum gjaldskrárhækkunum hjá stofnunum sveitarfélagsins á árinu 2026, líkt og fyrrgreind þjóðhagsspá frá því í mars gerði ráð fyrir í hækkun vísitölu neysluverðs á næsta ári. Rétt er að taka fram að teknar eru frá 150 m.kr. í varúðarfærslu vegna ófyrirséðra langtímaveikinda og hugsanlegs launatöflauka 1. september 2026. Sú færsla er færð undir óvenjulega liði undir aðalsjóði.

Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 2025-2030 (nóv. 2025)

	2024	2025	2026	2027	2028	2029
Verg landsframleiðsla (milljarðar kr.)	4.588	4.988	5.287	5.580	5.874	6.176
Verg landsframleiðsla (ársbreyting)	5,0%	8,7%	6,0%	5,5%	5,3%	5,1%
Hagvöxtur	-1,0%	1,7%	1,8%	3,2%	2,4%	2,4%
Verðbólga (%)	5,9%	4,1%	3,5%	2,7%	2,5%	2,5%
Atvinnuleysi (hlutfall af mannafli)	3,4%	4,2%	4,3%	4,1%	4,0%	4,0%
Launavísitala (ársbreyting, %)	6,6%	7,6%	5,1%	4,0%	4,1%	4,1%

Heimild: Hagstofa Íslands, nóvember 2025.

Rauntölur fyrir 2024 en spá fyrir 2025-2029.

Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011


Ein meginforsenda fjárhagaáætlana sveitarfélaga er að þær skuli unnar með hliðsjón af fjármálareglum og fjárhagslegum viðmiðum sveitarfélaga sem sett voru í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og með síðari breytingum, en þau tóku gildi í upphafi árs 2012. Í 64. gr. sveitarstjórnarlaga ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Til að fullnægja þessari skyldu er sveitarfélögum gert að fylgja eftirfarandi fjármálareglum:

- 1) **Jafnvægisregla:** Samanlögð heildarútgjöld samstæðu séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.
- 2) **Skuldaregla:** Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. megi ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Við útreikning á skuldahlutfalli má undanskilja tekjur og skuldbindingar veitu- og orkufyrirtækja sem og að heimilt er að draga frá hluta lífeyrisskuldbindingar.


Sem fyrr segir var þessum ákvæðum þó tímabundið vikið til hliðar til og með ársins 2025 sem hluti af aðgerðum til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs Covid-19.

Hjá Skagafirði er skuldahlutfall heildarskulda og skuldbindinga áætlað 95,1% á árinu 2026 og lækkar svo ár frá ári niður í 89,6% árið 2029. Þegar búið er að undanskilja það sem heimilt er frá skuldum og skuldbindingum er skuldaviðmiðið 71,6%. Gert er ráð fyrir að skuldaviðmiðið lækki nokkuð hratt á komandi árum eftir það, niður í 66,9% á árinu 2029. Skuldaviðmiðið fyrir A-hluta árið 2026 er áætlað 78% sem fer niður í 66,9% árið 2029 samkvæmt áætlun.

	A- og B-hluti				
	Áætlun 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	Áætlun 2028	Áætlun 2029
Tekjur:					
Skatttekjur	4.563.177	4.992.185	5.180.851	5.376.820	5.580.380
Framlög Jöfnunarsjóðs	2.938.231	3.477.783	3.415.325	3.517.785	3.623.318
Aðrar tekjur	2.457.607	2.680.862	2.678.764	2.705.279	2.779.905
Heildartekjur	9.959.016	11.150.830	11.274.940	11.599.884	11.983.602
Skuldir og skuldbindingar:					
Skuldir og skuldbindingar	10.430.597	10.396.044	10.357.221	10.714.142	10.655.240
Lífeyrisskuldbinding	1.928.567	2.067.836	2.034.150	1.999.339	1.969.336
Skuldahlutfall:	104,7%	95,1%	92,9%	93,1%	89,6%
Skuldaviðmið:	78,8%	71,6%	69,8%	67,9%	66,9%



Sem sjá má á næstu mynd hér fyrir aftan þá er gert ráð fyrir að áfram verði haldið á þeirri ánægjulegu braut að afborganir langtímalána verði á hverju ári hærri fjárhæð heldur en sem nemur teknum nýjum langtímalánum, að undanteknu árinu 2028. Slíkt er afar mikilvægt þegar rekstrarumhverfið leyfir því á verðbólgutímum getur fjármagnskostnaður lyftst verulega ef skuldir eru miklar. Þess ber að geta að áætlanir varðandi tekjuhlíð langtímaáætlunar eru mjög varfærnar.



Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar fyrir árið 2026

Rekstur:

Áætlun ársins 2026 gerir ráð fyrir að rekstrartekjur Skagafjarðar nemi **11.151 m.kr.** hjá samstæðunni í heild, A- og B-hluta, þar af eru rekstrartekjur A hluta áætlaðar **9.478 m.kr.** Rekstrargjöld án fjármagnsliða eru áætluð **9.928 m.kr.**, þar af A-hluti **8.728 m.kr.** Rekstrarafgangur (EBITDA) A- og B-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði er áætlaður **1.631 m.kr.** eða 14,9%. Afskriftir nema **408 m.kr.** og fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur nema **336 m.kr.** Rekstrarafgangur samstæðunnar í heild A- og B-hluta er áætlaður samtals **887 m.kr.**

Rekstrarafgangur A-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði er áætlaður **964 m.kr.** Afskriftir nema **214 m.kr.** Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur nema **256 m.kr.** Rekstrarniðurstaða A-hluta sveitarsjóðs er því áætluð jákvæð um **494 m.kr.**

Efnahagur:

Eignir Skagafjarðar eru áætlaðar í árslok 2026, **17.194 m.kr.**, þar af eru eignir A-hluta **12.842 m.kr.** Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar í árslok **10.396 m.kr.** Þar af hjá A-hluta **9.262 m.kr.** Eigið fé er áætlað **6.798 m.kr.** hjá samstæðunni og eiginfjárhlutfall **39,54%**. Eigið fé A-hluta er áætlað **3.580 m.kr.** og eiginfjárhlutfall **27,88%**. Ný lántaka er áætluð **465 m.kr.** hjá samstæðunni í heild og afborganir eldri lána og skuldbindinga verða **665 m.kr.** Skuldir verða því greiddar niður um **200 m.kr.** umfram lántöku á árinu 2026 sem er ánægjulegt framhald af þróun síðustu ára. Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar eru **2.068 m.kr.** hjá samstæðunni og þar af **1.903 m.kr.** hjá A-hluta.

Sjóðsstreymisýfirlit:


Áætlunin gerir ráð fyrir að veltufé frá rekstri A-hluta verði **836 m.kr.** og frá rekstri samstæðunnar A- og B-hluta verði það **1.342 m.kr.** Þá er gert ráð fyrir að handbært fé samstæðunnar í árslok verði **863 m.kr.**

Gert ráð fyrir að sveitarsjóður og undirfyrirtæki fjárfesti á árinu 2026 fyrir **1.828 m.kr.** brúttó eða **1.047 m.kr.** nettó ef frá eru talin framlög frá ríki vegna hlutdeildar þeirra í framkvæmdum líkt og nýju menningarhúsi, stækkun verknámshúss FNV og nýrri ytri höfn, og Kaupfélagi Skagfirðinga vegna framlaga til samfélagslegra verkefna. Er um að ræða talsvert hærri fjárhæð í heildarfjárfestingu en í ár sé litið til brúttó tölu en nokkuð lægri nettó. Stærstu fjárfestingaverkefni á næsta ári eru gatnagerðarframkvæmdir, framkvæmdir við Staðarbjargarvík, upphaf framkvæmda við nýtt menningarhús á Sauðárkróki, framkvæmdir við stækkun Grunnskólans austan Vatna á Hofsósi, stækkun verknámshúss Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, síðari áfangi sorpmóttökustöðvar á Hofsósi, kaup og uppsetning rennibrauta við Sundlaug Sauðárkróks, framkvæmdir við nýja ytri höfn á Sauðárkróki, lok á byggingu nýrrar þjónustumiðstöðvar og endurnýjun á dælu í borholu í Varmahlíð. Með þessum miklu fjárfestingum á árinu 2026 er horft til styrkingar innviða samfélagsins og þannig að stuðlað verði að áframhaldandi eflingu þess og fjölgun íbúa.

Þróun tekna:

Tekjur sveitarfélagsins hafa hækkað jafnt og þétt undanfarin ár. Gleðilegt er að meðaltal heildartekna íbúa í Skagafirði hækkar talsvert á milli árunna 2024 og 2025, sé litið til talna Hagstofunnar. Voru meðal heildartekjur íbúa í Skagafirði og Sveitarfélaginu Skagaströnd nánast á pari miðað við skattframtöl ársins 2024, séu sveitarfélögin á Norðurlandi vestra borin saman. Þær tekjur eru nokkru lægri í hinum sveitarfélögum tveimur í landshlutanum.

Skatttekjur 2011–2026



* Tölur fyrir árin 2022–2026 gilda fyrir sameinað sveitarfélag í Skagafirði.

Almenn útgjöld

Launakostnaður

Launakostnaður er áætlaður samtals **6.274 m.kr.** á árinu 2026 og er það 11,7% hækkun frá áætlun ársins 2025. Skýringin á því eru hækkanir kjarasamninga á árinu sem nú er að líða en einkum voru miklar hækkanir á kjarasamningum kennara. Gleðilegt er hins vegar til þess að vita að í síðustu kjarasamningum var samið til nokkurra ára og því meiri víska en á liðnum árum um það sem framundan er. Langtímakjarasamningum er ætlað að stuðla að lækkun verðbólgu og auknum kaupmætti launafólks.

Á árinu 2026 er gert ráð fyrir að afborganir vegna lífeyrisskuldbindinga nemi **123 m.kr.** og hækkun skuldbindinganna verði **89 m.kr.** frá árinu 2025.

Rekstur málaflokka:

Eins og áður taka fræðslu- og uppeldismálin til sín langstærstan hluta skatttekna í áætlun ársins. Málaflokkurinn tekur til sín hlutfallslega herra hlutfall á árinu 2026 en á yfirstandandi ári eða 44,5% á móti 43% í áætlun ársins 2025. Þar munar mestu um launahækkanir í kjarasamningum og fjölgun starfsfólks á nokkrum starfsstöðvum, vegna t.d. opunar nýs leikskóla og fjölgunar barna. Næst stærsti málaflokkurinn er félagsþjónusta með 21,6% hlutall. Þriðji í röðinni eru svo æskulýðs- og íþróttamál. Hlutfallsleg breyting málaflokka á milli ára er óveruleg eða um og innan við 0,6%, nema hjá fræðslumálum sem fyrr segir.

Hafa í huga að frá og með árinu 2017 hafa tekjur frá Jöfnunarsjóði vegna málefna fatlaðs fólks verið taldar með skatttekjum. Áður voru þessi framlög tekjufærð innan málaflokks 02-félagsmál. Hefur þessi breyting áhrif á allan samanburð þegar verið er að skoða hlutfall rekstrarkostnaðar af skatttekjum. Einnig er rétt að hafa í huga að hlutfallsprósentan breytist eftir því hvort aðalsjóður skilar afgangi eða er rekinn í halla. Í töflunni hér fyrir aftan sést einnig hlutfallslegur kostnaður vegna lífeyrisskuldbindinga, óvenjulegra liða og fjármagnsliða sem hefur áhrif á heildarskiptingu málaflokkanna.

Í fjárhagsáætlun ársins 2026 er gert ráð fyrir að samstarf sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um sameiginlegt þjónustusvæði um þjónustu við fatlað fólk haldi áfram. Í samstarfinu felst að Skagafjörður er leiðandi sveitarfélag sem veitir fötluðu fólki, sem á lögheimili í aðildarsveitarfélögunum, þjónustu eins og nánar er kveðið um í samningi og samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, á starfssvæðinu. Þetta þýðir að allar tekjur frá Jöfnunarsjóði sem ætlaðar eru til þessa málaflokks sem og 0,47% af útsvarsstofni sveitarfélaga á svæðinu, renna til Skagafjarðar. Því miður er fjarri því að gert sé ráð fyrir að tekjur frá ríki og sveitarfélögum dekki allan kostnað við málaflokkinn. Auk þess liggur ekki fyrir hvernig sveitarfélögin geti tekist á við fyrirsjáanlegar þarfir við frekari uppbyggingu húsnæðisúrræða og fjölgunar NPA samninga.

Þess má einnig geta að frá upphafi árs 2023 varð Skagafjörður leiðandi sveitarfélag í barnaverndarþjónustu Mið-Norðurlands, þ.e. í samstarfi sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og Fjallabyggðar. Framundan eru breytingar á aðildarsveitarfélögum samningsins þar sem

Skipting málaflokka 2026 eftir rekstrarniðurstöðu

Málaflakki	Prosent
Fræðslu- og uppeldismál	46%
Félagsþjónusta	22%
Heilbrigðismál	0%
Fjármagnsliðir	0%
Óvenjulegir liðir	2%
Lífeyrisskuldbinding	1%
Sameiginlegur kostnaður	6%
Atvinnumál	2%
Umhverfismál	2%
Umferðar- og samgöngumál	3%
Skipulags- og byggingamál	2%
Hreinlætismál	0%
Brunamál og almannavarnir	2%
Æskulýðs- og íþróttamál	9%
Menningarmál	3%

[illegible]

9

1.047 m.kr. Skiptast þær þannig að áætlað er að framkvæmt eða fjárfest verði brúttó hjá eignasjóði fyrir **1.233 m.kr.**, hafnarsjóði fyrir **338 m.kr.**, fráveitu fyrir **42 m.kr.**, vatnsveitu fyrir **25 m.kr.** og hjá hitaveitu fyrir **171 m.kr.** Gert er ráð fyrir sölu eigna að upphæð **250 m.kr.** og kaupum annarra eigna upp á **60 m.kr.** þannig að segja má að nettó fjárfestingar að fráðregnum sölu eigna og framlögum annarra muni nema 857 m.kr. á árinu 2026.

Fjárfestingar og framkvæmdir:	
Eignasjóður	1.233.500
Fráveita	42.000
Hitaveita	171.429
Vatnsveita	24.571
Sjóveita	20.000
Hafnarsjóður	337.580
Fjárfestingar og framkvæmdir alls	1.828.080

Auk fyrrgreindra fjárfestinga er gert er ráð fyrir að verja rekstrarmegin um **176 m.kr** í viðhald eigna Eignasjóðs sem er um 15 m.kr. hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun fyrir árið 2025.

Fjárhagsleg markmið:

Sveitarstjórn Skagafjarðar setti sér fjárhagsleg markmið fyrir ári síðan og eru þau eftirfarandi:

Fjárhagsleg yfirmarkmið	Markmið fyrir A-hluta	Markmið fyrir A- og B-hluta
 Jafnvægi í rekstri	• 3ja ára jöfnuður A > 0 árið 2026	• 3ja ára jöfnuður AB > 0 árið 2026
 Hámark skuldsetningar	• Skuldaviðmið < 90% í árslok 2026 • Skuldaviðmið < 80% í árslok 2028	• Skuldaviðmið < 80% í árslok 2026 • Skuldaviðmið < 70% í árslok 2028
 Veltufé frá rekstri	• Veltufé frá rekstri 2025 ≥ 10,0% • Veltufé frá rekstri 2030 ≥ 12,0%	• Veltufé frá rekstri 2025 ≥ 13,0% • Veltufé frá rekstri 2030 ≥ 15,0%
 Framlegðarstig rekstrar	• Framlegð 2025 ≥ 10,0% • Framlegð 2030 ≥ 12,0%	• Framlegð 2025 ≥ 13,0% • Framlegð 2030 ≥ 15,0%
 Laun í hlutfalli við tekjur	• Launahlutfall 2025 ≤ 61,0% • Launahlutfall 2028 ≤ 60,0%	• Launahlutfall 2025 ≤ 56,0% • Launahlutfall 2028 ≤ 55,0%

Sem sjá má eru öll fjárhagsleg markmið uppfyllt á árinu 2026.

Staða fjárhagslegra markmiða í fjárhagsáætlun 2026			
Fjárhagsleg yfirmarkmið	Markmið fyrir A-hluta		Markmið fyrir A- og B-hluta
Jafnvægi í rekstri	768,6 m.kr.	✓	1.637,7 m.kr. ✓
Hámark skuldsetningar	78,0%	✓	71,6% ✓
Veltufé frá rekstri	14,6%	✓	18,3% ✓
Framlegðarstig rekstrar	10,2%	✓	13,7% ✓
Laun í hlutfalli við tekjur	60,4%	✓	54,4% ✓

Að lokum er rétt að nefna það að íbúabróun hefur verið sveitarfélaginu hagfelld á undanförnum árum og má í þeim efnum geta fréttar á heimasíðu Þjóðskrár Íslands frá 6. nóvember sl. Þar kemur fram að íbúum sveitarfélagsins hefur fjölgað um 258 undanfarin tæp 6 ár og þar af um 69 á undanförunum 11 mánuðum. Gleðilegt er einnig að vita til þess að frá 1. janúar 2018 til 1. janúar 2025 fjölgaði íbúum í nær öllum pósthúsum í Skagafirði. Töluverð fjölgun er þannig á þéttbýlisstöðunum Sauðárkróki, Hofsósi og Varmahlíð og einnig í Fljótum og dreifbýli í kringum Varmahlíð. Í dreifbýli í kringum Sauðárkrók fækkar um 1 íbúa á þessu tímabili og í dreifbýli í kringum Hofsós fækkar um 2 íbúa. Að mínu mati sýnir þetta að mikil tækifæri eru til áframhaldandi vaxtar í Skagafirði öllum og er það trú mín að jákvæð íbúabróun verði áfram beri okkur gæfa til að vinna áfram að skynsamlegri uppbyggingu innviða samfélagsins.

Greinargerð þessi er sett fram til glöggvunar við yfirferð fjárhagsáætlunar. Ég vil í lok hennar færa samstarfsfólki mínu, sviðsstjórum, fjármálastjóra, aðalbókara, starfsfólki í launadeild og bókhaldi og öðrum starfsmönnum, kjörnum fulltrúum, fagnefndum og byggðarráði, auk sveitarstjórnar, kærar þakkir fyrir gott samstarf við þá vinnu sem að baki er, sem hefur lagt grunninn að fjárhagsáætlun Skagafjarðar næstu árin.

Sauðárkróki 19. nóvember 2025

Sigfús Ingi Sigfússon,
sveitarstjóri